

Samkvæmt tölum Umhverfisstofnunar hefur úrgangur frá mannvirkjagerð, byggingar- og niðurrifi auk óvirks úrgangs, rúmlega tvöfaldast á þremur árum frá árinu 2014 til 2017. Farið úr 364.943 tonnum í 873.522 tonn.

Það er vitundarvakning hjá almenningi á Íslandi síðustu misseri í að byggja vistvæn hús og gætu stjórnvöld virkjað þann áhuga með einhverskonar hvatakerfi fyrir þá einstaklinga sem ákveða að byggja vistvænt t.d í formi skattaávilnana, eða með því að lækka gjöld sem að tengjast byggingu mannvirkis.

Einnig væri ráð að koma upp styrktarkerfi til einstaklinga (frumkvöðla) sem eru tilbúnir til að fara út í þróunarverkefni sem ýtir undir þekkingarsköpun í sjálfbærum lausnum í byggingariðnaðinum á Íslandi.

Þetta geta verið forsjalir einstaklingar með sterkar hugsjónir í umhverfismálum sem geta komið með mikilvægt framlag.

Samkvæmt skýrslu Sameinuðupjóðanna frá 2019 um byggingariðnaðinn, veldur hann tæplega 40% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda. Hagkvæmasta leiðin til að minnka kolefnisspor og ná fram þeim skuldbindingum sem þjóðir heims hafa gert með Parísarsáttmálanum er að minnka losun á gróðurhúsalofttegundum í byggingaariðnaðinum. (<http://wedocs.unep.org/bitstream/handle/20.500.11822/30950/2019GSR.pdf?sequence=1&isAllowed=y>)

Við Íslendingar horfum of mikið til þess að við séum með græna orku enda notum við mestu orku af öllum til að hita upp heimili okkar. Þessi hugsunargangur hefur hægt á framþróun og eru t.d reglur um einangrunargildi húsa á Íslandi mun lægri hér en á norðurlöndunum. Ekki er hugað eins að loftþéttni húsa og loftun sem gerir það að verkum að þau verða orkufrekari.

Þegar litið er á umhverfisvæni bygginga þarf að setja allt inn í reikninginn, framkvæmd á byggingartíma, orkunotkun á líftíma byggingar og förgun. Við erum langt á eftir nágrannalöndum okkar en áhuginn og sýnileikinn er að aukast hérna á Íslandi.

Með því að draga úr vistspori byggingariðnaðarins væru Íslendingar að taka mikilvægt skref í átt að Parísarsáttmálanum og þátttaka almennings gæti verið mikilvægt framlag á þeirri vegferð.